Fjárfestakynning 31. maí 2023

# Árshlutauppgjör 1F 2023



Fjárfestakynning 31. maí 2023

# Afkoma

Hermann Björnsson, forstjóri

# 1F 2023

## Afkoma

**636 m.kr.**
afkoma eftir skatta

**111 m.kr.**
tap af vátryggingasamningum fyrir skatta

**812 m.kr.**
hagnaður af fjárfestingum fyrir skatta

**IFRS 17**, nýr reikningsskilastaðall um vátryggingasamninga, tók gildi 1. janúar 2023

## Samsett hlutfall

**101,5%** á 1F 2023

**94,5%** á 1F 2022

Stórt brunatjón varð á fjórðungnum sem virkjaði endurtryggingavernd og endurkaup á vátryggingavernd hjá endurtryggjendum

Annað stórt tjón er fært í bækur í fjórðungnum sem er að fullu endurtryggt og fellur undir umboðssamning við erlent tryggingafélag – hefur ekki áhrif á samsett hlutfall

Að öðru leyti var undirliggjandi vátryggingarekstur í takt við áætlanir

## Fjárfestingar

**1,6%** ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu

**877 m.kr.** fjárfestingatekjur af eignum í stýringu

**798 m.kr.** afkoma fjárfestinga fyrir fjármagnsliði og skatta

Allir eignaflokkar skiluðu jákvæðri afkomu að undanskildum óskráðum hlutabréfum sem voru færð niður um 171 m.kr. á fjórðungnum

## Endurtrygginga-markaðir

Miklar iðgjaldahækkanir á alþjóðlegum endurtrygginga-mörkuðum, m.a. vegna versnandi afkomu, verðbólgu, stríðsátaka og náttúruhamfara

Hefur bæði áhrif á viðvarandi kostnað við endurtryggingavernd og kostnað þegar stórtjón falla til

Fjárfestakynning 31. maí 2023

# Rekstur

Sigríður Vala Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni

# IFRS 17 um vátryggingasamninga

## Um IFRS 17

- Tók gildi 1. janúar 2023 og hefur afturvirkri innleiðingu verið beitt og samanburðarfjárhæðum breytt fyrir fjárhagsárið 2022
- Staðlinum er ætlað að auka samræmi í framsetningu og gagnsæi í fjárhagsupplýsingum vátryggingafélaga

## Helstu breytingar

- Framsetning á rekstrar- og efnahagsreikningi er með talsvert breyttu sniði auk þess sem ný hugtök eru innleidd og liðir endurflokkaðir
- Vænt tap vegna **íþyngjandi samninga** er fært í rekstrarreikning við upphaflega skráningu eða þegar aðstæður benda til að samningar séu íþyngjandi
  - Í samstæðunni er einn hópur vátryggingasamninga metinn íþyngjandi
- **Öryggisálagi** er ætlað að færa skuldbindingu vegna orðinna tjóna innan æskilegs öryggisbils og á sama tíma er hætt að bæta áhættuálagi við skuldbindinguna
- Neikvæð áhrif á eigið fé **175 m.kr.** á árinu 2022 vegna breytinga á meðhöndlun íþyngjandi samninga og innleiðingar öryggisálags
- **Horfur** fyrir árið 2023 eru óbreyttar en með innleiðingu IFRS 17 er afkoma af vátryggingasamningum, áður afkoma af vátryggingarekstri, sett fram með nýjum hætti og m.a. ekki lengur reiknaðar fjárfestingatekjur á vátryggingastarfsemina
  - Afkoma af vátryggingasamningum fyrir árið 2023 og til næstu 12 mánaða er því áætluð um **1.400-1.900 m.kr.** og samsett hlutfall um **94-96%**

- **Arðgreiðslugeta og fjárhagslegur styrkur nær óbreyttur**
- **Útreikningur á gjaldþoli, gjaldþolskröfu og gjaldþolshlutfalli breytist ekki**
- *Ítarlegar upplýsingar um áhrif innleiðingarinnar er að finna í skýringum 1 e) - f) í árshlutareikningi*

# Rekstrarreikningur

## 1F 2022 skv. IFRS 17

| | 1.1.-31.3.2022 | Áhrif innleiðingar IFRS 17 | Eftir IFRS 17 1.1.-31.3.2022 |
|---|---|---|---|
| Iðgjöld tímabilsins | 6.324.481 | (6.324.481) | 0 |
| Tjón tímabilsins | (4.625.192) | 4.625.192 | 0 |
| Rekstrarkostnaður af vátryggingastarfsemi | (1.172.538) | 1.172.538 | 0 |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum | (306.081) | 306.081 | 0 |
| Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins | 27.096 | (27.096) | 0 |
| Tekjur af vátryggingasamningum | 0 | 6.658.116 | 6.658.116 |
| Kostnaður af vátryggingasamningum | 0 | (6.046.657) | (6.046.657) |
| Afkoma af endurtryggingasamningum | 0 | (247.178) | (247.178) |
| **Afkoma af vátryggingasamningum** | **247.766** | **116.515** | **364.281** |
| Hreinar fjármunatekjur | 426.961 | (111.928) | 315.033 |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna færðar á gangvirði | 480.158 | 0 | 480.158 |
| Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi | (118.296) | 45.141 | (73.155) |
| **Afkoma fjárfestinga** | **788.823** | **(66.787)** | **722.036** |
| Fjármagnsliðir vátryggingasamninga | 0 | 157.308 | 157.308 |
| Tæknilegar vaxta- og gengisbreytingar vátryggingaskuldar | 157.308 | (157.308) | 0 |
| **Afkoma fjármagnsliða** | **157.308** | **0** | **157.308** |
| Umboðslaun | 31.807 | (31.807) | 0 |
| Aðrar tekjur | 39.682 | 0 | 39.682 |
| Annar rekstrarkostnaður | 0 | (12.030) | (12.030) |
| **Aðrar tekjur og kostnaður** | **71.488** | **(43.836)** | **27.652** |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 1.265.386 | 5.892 | 1.271.278 |
| Tekjuskattur | (211.255) | (1.178) | (212.434) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | **1.054.130** | **4.713** | **1.058.844** |

# Ný hugtök

- **Tekjur af vátryggingasamningum:** tekjur vegna veittrar vátryggingaverndar auk annarra tekna líkt og tekna af greiðsludreifingu
- **Kostnaður af vátryggingasamningum:** tjón tímabilsins og beinn rekstrarkostnaður af vátryggingasamningum sem nú innifelur kostnað vegna ágóðahlutdeildar, sem áður kom til lækkunar á iðgjöldum tímabilsins
- **Afkoma af endurtryggingasamningum:** hluti endurtryggjenda í tekjum af vátryggingasamningum og tjónum, umboðslaun og aðrar tekjur frá endurtryggjendum



Fjárhæðir í þúsundum króna

# Efnahagsreikningur

## 31.12.2022 skv. IFRS 17

| | 31.12.2022 | Áhrif innleiðingar IFRS 17 | Eftir IFRS 17 31.12.2022 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Endurtryggingaeignir | 1.195.081 | ( 157.256) | 1.037.824 |
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur | 7.662.526 | ( 7.662.526) | 0 |
| Aðrar kröfur | 0 | 905.659 | 905.659 |
| Skatteign | 0 | 27.303 | 27.303 |
| Aðrar eignir í efnahagsreikningi | 59.712.037 | 0 | 59.712.037 |
| **Eignir samtals** | **68.569.644** | **( 6.886.819)** | **61.682.825** |
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 15.411.958 | ( 175.004) | 15.236.954 |
| Annað eigið fé í efnahagsreikningi | 6.095.089 | 0 | 6.095.089 |
| **Eigið fé samtals** | **21.507.047** | **( 175.004)** | **21.332.043** |
| **Skuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 2.620.431 | ( 888.026) | 1.732.406 |
| Skuldbinding vegna vátryggingasamninga | 0 | 32.058.840 | 32.058.840 |
| Vátryggingaskuld | 37.866.181 | ( 37.866.181) | 0 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 16.448 | ( 16.448) | 0 |
| Aðrar skuldir í efnahagsreikningi | 6.559.537 | 0 | 6.559.537 |
| **Skuldir samtals** | **47.062.597** | **( 6.711.815)** | **40.350.782** |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | **68.569.644** | **( 6.886.819)** | **61.682.825** |

## Ný hugtök

- **Skuldbinding vegna vátryggingasamninga:** skiptist í skuldbindingu vegna eftirstæðrar vátryggingaverndar og skuldbindingu vegna orðinna tjóna
  - **Skuldbinding vegna eftirstæðrar vátryggingaverndar**: samanstendur af innborguðum tekjum vegna vátryggingaverndar sem tilheyrir síðari tímabilum, frestuðum kostnaði við öflun samninga, skuldbindingu vegna íþyngjandi vátryggingasamninga og viðskiptaskuldum sem tilheyra eftirstæðri vátryggingavernd
  - **Skuldbinding vegna orðinna tjóna**: samanstendur af besta mati á meðaltali á núvirtu greiðsluflæði skuldbindingarinnar, öryggisálagi, ágóðahlutdeild og viðskiptaskuldum sem tilheyra orðnum tjónum

Fjárhæðir í þúsundum króna

# Helstu niðurstöður - 1F 2022 til 1F 2023

## Afkoma starfsþátta fyrir tekjuskatt




* Undir samstæðu falla aðrar tekjur og annar rekstrarkostnaður

## Samsett hlutfall




## Hagnaður og hagnaður/hlut




## Ávöxtun fjárfestingareigna






Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstrarafkoma

| | 1F 2023 | 1F 2022 | % |
|---|---|---|---|
| Tekjur af vátryggingasamningum | 7.338 | 6.658 | 10,2% |
| Tjón tímabilsins | -6.592 | -4.619 | 42,7% |
| Rekstrarkostnaður af vátryggingasamningum | -1.550 | -1.427 | 8,6% |
| Afkoma af endurtryggingasamningum | 693 | -247 | - |
| **Afkoma af vátryggingasamningum** | **-111** | **364** | - |
| Hreinar fjármunatekjur | 439 | 315 | 39,4% |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna færðar á gangvirði | 438 | 480 | -8,9% |
| Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi | -79 | -73 | 8,0% |
| **Afkoma fjárfestinga** | **798** | **722** | 10,5% |
| Fjármagnsliðir vátryggingasamninga | 14 | 157 | -91,1% |
| Aðrar tekjur og kostnaður | 30 | 28 | 7,3% |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **730** | **1.271** | -42,5% |
| **Hagnaður eftir skatta** | **636** | **1.059** | -40,0% |

## Tekjur af vátryggingasamningum 1F 2022 til 1F 2023




## Kostnaður af vátr. samningum og endurtryggingum 1F 2022 til 1F 2023




Fjárhæðir í milljónum króna

# Samsett hlutfall

| | 1F 2023 | 1F 2022 |
|---|---|---|
| Tjónahlutfall tímabils | 85,6% | 69,0% |
| Matsþróun eldri ára | 4,2% | 0,4% |
| **Tjónahlutfall** | **89,8%** | **69,4%** |
| Endurtryggingahlutfall | -9,4% | 3,7% |
| **Tjóna- og endurtryggingahlutfall** | **80,4%** | **73,1%** |
| Kostnaðarhlutfall | 21,1% | 21,4% |
| **Samsett hlutfall** | **101,5%** | **94,5%** |

## Samsett hlutfall 101,5% á 1F 2023

- ***Áhrif stórtjóns*** á fjórðungnum nemur tæpum 5% stigum í samsettu hlutfalli
- **Neikvæð** matsþróun er vegna stórtjóns sem er að fullu endurtryggt og er bókað sem matsþróun eldri ára þar sem tjónið féll til fyrir upphaf fjórðungsins en var tilkynnt á fjórðungnum
- **Endurtryggingahlutfall** neikvætt vegna þátttöku endurtryggjenda í tveimur stórum tjónum á fjórðungnum
- **Undirliggjandi tjónaþróun (án stórtjóna)** í takt við áætlanir

### Samsett hlutfall 1F 2022 til 1F 2023




### Samsett hlutfall




* Samsett hlutfall á árinu 2021 er sett fram skv. IFRS 4

# Gjaldþol og gjaldþolskrafa

### Gjaldþol




### Gjaldþolskrafa




## Gjaldþolshlutfall 1,44 í lok 1F 2023

- **Gjaldþol** breytist í takt við afkomu, kaup eigin bréfa og arðgreiðslu
- **Gjaldþolskrafa** tekur innbyrðis töluverðum breytingum, hækkar vegna aukinnar mótaðilaáhættu í takt við árstíðabundna sveiflu í viðskiptakröfum á móti iðgjaldaskuld* og dregast saman vegna lægri markaðsáhætta þar sem hlutabréfasafn hefur minnkað og líftími skuldabréfasafnsins styst
- **Gjaldþolsviðmið** stjórnar eru að gjaldþolshlutfall sé á bilinu 1,4-1,7

### Gjaldþolshlutfall




* Samkvæmt Solvency II regluverkinu er iðgjaldaskuld reiknuð með sama hætti og skv. IFRS 4 og breytist ekki með innleiðingu IFRS 17

Fjárhæðir í milljónum króna

# Efnahagsreikningur

| Eignir | 31.3.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Handbært fé | 1.067 | 1.189 |
| Verðbréf | 51.144 | 51.254 |
| Fjárfestingar með fjárf.áhættu líftr.taka | 5.415 | 5.218 |
| Endurtryggingaeignir | 2.215 | 1.038 |
| Aðrar kröfur | 1.863 | 906 |
| Viðskiptavild | 244 | 244 |
| Leigueignir | 1.291 | 1.284 |
| Rekstrarfjármunir | 512 | 523 |
| Skatteign | 10 | 27 |
| **Heildareignir** | **63.762** | **61.683** |
| | | |
| **Eigið fé** | | |
| Hlutafé | 1.174 | 1.778 |
| Annað eigið fé | 18.753 | 19.554 |
| **Eigið fé samtals** | **19.927** | **21.332** |
| | | |
| **Skuldir** | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 2.086 | 1.732 |
| Skuldbinding vegna vátryggingasamninga | 34.980 | 32.059 |
| Líftryggingaskuld með fjárf.áhættu líftr.taka | 5.415 | 5.218 |
| Leiguskuldir | 1.354 | 1.342 |
| **Skuldir samtals** | **43.835** | **40.351** |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **63.762** | **61.683** |

## Skuldbinding vegna vátryggingasamninga




## Eiginfjárhlutfall






Fjárhæðir í milljónum króna

Fjárfestakynning 31. maí 2023

# Fjárfestingar

Þórður Pálsson, forstöðumaður fjárfestinga

# Afkoma af fjárfestingarstarfsemi - 1F 2023

| Fjárfestingareignir | 31.12.2022 | Hreyfingar | Afkoma | 31.03.2023 | Ávöxtun |
|---|---|---|---|---|---|
| Laust fé | 602 | -110 | 22 | 514 | 1,5% |
| Skuldabréf með ríkisábyrgð | 16.049 | 1.434 | 271 | 17.755 | 1,7% |
| Önnur skuldabréf | 15.952 | 123 | 304 | 16.378 | 1,9% |
| Skráð hlutabréf | 14.943 | -2.289 | 427 | 13.081 | 2,9% |
| Óskráð hlutabréf | 3.871 | -177 | -171 | 3.524 | -4,6% |
| **Samtals** | **51.417** | **-1.019** | **853** | **51.251** | **1,6%** |
| | | | | | |
| Aðrar fjárfestingatekjur og gengismunur | | | 24 | | |
| **Fjárfestingatekjur samtals** | | | **877** | | |

### Afkoma og ávöxtun af fjárfestingarstarfsemi




## Ávöxtun af fjárfestingareignum í stýringu 1,6% á fjórðungnum

- Ásættanleg afkoma í ljósi markaðsaðstæðna
- Jákvæð afkoma af öllum eignaflokkum að undanskildum óskráðum hlutabréfum
  - Controlant fært niður úr 116 kr./hlut í 96 kr./hlut. – aðrar breytingar óskráðra hlutabréfa óverulegar.
- Eignasafnið 51,3 milljarðar kr. í lok fyrsta fjórðungs

| Vísitala | Ávöxtun |
|---|---|
| Markaðsvísitala Kviku | 4,8% |
| Hlutabréfavísitala Kviku | 7,3% |
| Ríkisskuldabréfavísitala Kviku | 1,5% |
| Skuldabréfavísitala Kviku | 1,2% |
| Úrvalsvísitala | 4,4% |



* Eignir á þessu yfirliti eru flokkaðar skv. eigin flokkun en ekki skv. IFRS staðli eins og í ársreikningi. Utan yfirlitsins er hlutdeild Sjóvá líf í eignum með eigin áhættu líftryggingataka og bankareikningar sem notaðir eru í daglegum rekstri.

# Breytingar á eignasafninu á 1F 2023

### Stærstu breytingar innan eignasafns




### Þróun á eignaflokkum




* *Eignir á þessu yfirliti eru flokkaðar skv. eigin flokkun en ekki skv. IFRS staðli eins og í ársreikningi. Utan yfirlitsins er hlutdeild Sjóvá líf í eignum með eigin áhættu líftryggingataka og bankareikningar sem notaðir eru í daglegum rekstri.*

## Dregið úr áhættu með auknu vægi stuttra ríkisskuldabréfa

- Hlutfall skráðra hlutabréf lækkar og er 26% af eignasafni í lok fjórðungsins. Hlutfall ríkisskuldabréfa hækkar í 35% af eignasafni.
- Meðallíftími í lok fjórðungsins er 1,9 ár og verðtryggingarhlutfall er 54%

### Meðallíftími og verðtryggingarhlutfall skuldabréfasafns






Fjárhæðir í milljónum króna

# Fjárfestingareignir samstæðu yfir 500 m.kr.

| Eignir | 31.03.2023 | 31.12.2022 | Hreyfingar | Afkoma | Hlutfall safns |
|---|---|---|---|---|---|
| RIKS 26 | 9.141 | 6.349 | 2.647 | 145 | 17,8% |
| RÍKISVÍXLAR | 3.639 | 4.960 | -1.383 | 62 | 7,1% |
| RIKB 23 | 2.301 | 793 | 1.486 | 21 | 4,5% |
| ARION | 1.822 | 2.271 | -432 | -18 | 3,6% |
| EIMSKIP | 1.799 | 2.180 | -544 | 162 | 3,5% |
| ALVOTECH | 1.618 | 780 | 630 | 207 | 3,2% |
| SÍLDARVINNSLAN | 1.481 | 1.271 | 231 | -21 | 2,9% |
| BRIM | 1.241 | 1.071 | 229 | -58 | 2,4% |
| KERECIS | 1.150 | 1.150 | 0 | 0 | 2,2% |
| LBANK CBI 24 | 1.084 | 773 | 266 | 45 | 2,1% |
| HFF 24 | 971 | 1.416 | -488 | 44 | 1,9% |
| RIKB 24 | 969 | 1.347 | -378 | 0 | 1,9% |
| ISB CBI 28 | 892 | 553 | 320 | 20 | 1,7% |
| KVIKA VEÐSKULDABRÉF | 844 | 816 | 0 | 28 | 1,6% |
| CONTROLANT | 800 | 967 | 0 | -167 | 1,6% |
| ÖLGERÐIN | 799 | 716 | 65 | 19 | 1,6% |
| ISB GBF 27 | 794 | 823 | -58 | 29 | 1,5% |
| LSS 34 | 717 | 1.135 | -433 | 15 | 1,4% |
| ÍSLANDSBANKI | 691 | 1.437 | -811 | 65 | 1,3% |
| UR 151124 | 683 | 96 | 581 | 7 | 1,3% |
| ISB CBF 27 | 604 | 602 | -10 | 12 | 1,2% |
| STEFNIR RÍKISVERÐBRÉFASJÓÐUR | 582 | 576 | 0 | 6 | 1,1% |
| ISB CBI 24 | 563 | 547 | -9 | 26 | 1,1% |
| AL 101227 | 547 | 528 | 0 | 19 | 1,1% |
| ICELAND SEAFOOD | 514 | 494 | 0 | 20 | 1,0% |
| FESTI | 505 | 530 | -17 | -8 | 1,0% |
| **AÐRAR EIGNIR** | **14.501** | **17.238** | | **174** | **28,3%** |
| **SAMTALS** | **51.251** | **51.417** | | **853** | **100,0%** |



Fjárhæðir í milljónum króna

Fjárfestakynning 31. maí 2023

# Samantekt

Hermann Björnsson, forstjóri

# Samsetning afkomu fyrir skatta




* Samanburðarfjárhæðir frá árinu 2022 hafa verið endurgerðar vegna upptöku IFRS 17 og IFRS 9



Fjárhæðir í milljónum króna

# Samsett hlutfall

## 1F 2023 og 1F 2022 eftir vátryggingagreinum



# Umferð um hringveginn

## Umferð eykst um 12,7% á milli ára og hefur aldrei mælst meiri á hringveginum

Samanlögð umferð um 16 talningarsvæði um allt land*




* heimild: Vegagerðin (www.vegagerdin.is)

# Þjónustufyrirtæki í fremstu röð

## Afkoma

**636 m.kr.**
afkoma eftir skatta

**111 m.kr.**
tap af vátryggingasamningum fyrir skatta

**812 m.kr.**
hagnaður af fjárfestingum fyrir skatta

**101,5%**
samsett hlutfall

## Horfur

Horfur fyrir árið 2023 eru óbreyttar en með innleiðingu IFRS 17 er afkoma af vátryggingasamningum, áður afkoma af vátryggingarekstri, sett fram með nýjum hætti m.a. eru ekki lengur reiknaðar fjárfestingatekjur á vátryggingastarfsemina

Afkoma af vátryggingasamningum fyrir árið 2023 og til næstu 12 mánaða er því áætluð um **1.400-1.900 m.kr.** og samsett hlutfall um **94-96%**

## Fyrirmyndafyrirtæki VR

Sjóvá er eitt af fyrirmyndarfyrirtækjum VR

Stærsta vinnumarkaðskönnun sem er framkvæmd á Íslandi

Staðfesting á þeim miklu gæðum sem við búum að í starfsmannahópnum og áherslum í mannauðsmálum

## Sterk staða og ímynd

Áfram verður unnið að því að viðhalda sterkri stöðu og ímynd á markaði sem félag með tryggustu viðskiptavinina, það tryggingafélag sem flestum dettur fyrst í hug og það tryggingafélag sem flestir myndu velja í dag sem er stutt með niðurstöðum ytri sem innri kannana

Stöðugt unnið að því að bæta og einfalda þjónustuleiðir sem tryggja hröð og skilvirk samskipti við viðskiptavini

SJÓVÁ

Ný vara

# Snjalltrygging

Lífsstíll ungs fólks hefur breyst og þarfir þeirra fyrir tryggingavernd þar með líka.

Snjalltrygging Sjóvá mætir þörfum nýrrar kynslóðar.

Tryggingin fellur á sama tíma fullkomlega inn í vöruframboð Sjóvá, og þróast með viðskiptavininum.

- Farsíminn
- Spjaldtölvan
- Fartölvan
- Snjallúrið
- Reiðhjól/Rafhjól
- Rafmagnsskútur



# Spurningar

fjarfestar@sjova.is

Fjárfestakynning 31. maí 2023

# Viðaukar

# Dreifing hlutafjáreignar

## 1.225 hluthafar 25. maí 2023

Hlutafjáreign




Samanlögð hlutafjáreign



# Fyrirvarar

- Upplýsingarnar í þessari kynningu byggja á heimildum sem Sjóvá telur áreiðanlegar á hverjum tíma en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular. Allar upplýsingar í kynningu þessari eru eign Sjóvár. Upplýsingarnar sem í henni eru eða kynninguna alla er óheimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt, hvorki að hluta til né öllu leyti.
- Kynning þessi eru eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar. Henni er ekki að neinu leyti ætlað að fela í sér loforð eða ráðgjöf né heldur með neinu móti að vera grundvöllur fyrir ákvarðanatöku þeirra sem fá hana í hendur. Margir mismunandi þættir geta valdið því að sú mynd sem kynning þessi gefur af stöðu félagsins og framtíðarhorfum getur breyst verulega svo sem, en ekki eingöngu, vegna almennrar efnahagsþróunar, tjónaþróunar, breytinga í samkeppinsumhverfi, breytinga á endurtryggingamörkuðum, breytinga á fjármálamörkuðum, lagabreytinga og breytinga á réttarframkvæmd. Verði einhver þessara áhættu- eða óvissuþátta, einn eða fleiri, að veruleika eða undirliggjandi framtíðarvæntingar stjórnenda reynast ekki réttar, getur það leitt til verulegra frávika varðandi fjárhagsstöðu félagsins og árangur í starfsemi þess frá því sem greinir í kynningu þessari.
- Sjóvá áréttar að staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á þeim tímapunkti sem kynningin er gefin út og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum. Sjóvá ber ekki skylda til að uppfæra að neinu leyti álit stjórnenda um framtíðarhorfur félagsins, sem fram kunna að koma í kynningu þessari, né gefa út leiðréttingar á villum eða ónákvæmum upplýsingum, sem síðar kunna að koma í ljós nema það sé skylt lögum samkvæmt.
- Með móttöku kynningar þessarar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.